

Samstarfssamningur

Garðabæjar og Taflfélags Garðabæjar

Taflfélag Garðabæjar, kt. 491195-2319 og Garðabær kt. 570169-6109 gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um að efla barna og unglingastarf í skák í Garðabæ.

1. gr.

Garðabær greiðir Taflfélagi Garðabæjar árlega styrk vegna þjálfunar barna- og ungling að fjárhæð kr. 600.000,-

2. gr.

Með samningnum er lagður grunnur að öflugu barna- og unglingastarfi á vegum félagsins með skipulögðum æfingum eða námskeiðum og útbreiðslustarfi í grunnskólum bæjarins.

3. gr.

Stjórn félagsins ber alfarið ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Stjórnin ber einnig ábyrgð á að halda aðalfund í félaginu samkvæmt lögum þess.

4. gr.

Garðabær gerir þær kröfur að leiðbeinendur/þjálfarar séu með tilskilda þekkingu eða menntun í þeirri íþróttagrein sem stunduð er. Leiðbeinendur og þjálfarar þurfa að undirrita samning við félagið um að vera til fyrirmyndar í stundvísi, framkomu og annan hátt er að íþróttinni lýtur. Allir sem að starfi með æskufólki á vegum félagsins koma þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðslaga um hreint sakavottorð.

5. gr.

Félagið skal við framkvæmd samningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum fatlaðra barna og ungmenna í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.

6. gr.

Taflfélag Garðabæjar skal fyrir 1. mars leggja fram áætlun fyrir íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar um helstu verkefni og áherslur í starfsemi félagsins á árinu ásamt ársskýrslu félagsins og endurskoðuðum reikningum síðasta árs.

7. gr.

Greiðslur skulu vera í samráði við fjármálastjóra Garðabæjar en önnur samskipti er varða þennan samning við íþróttafulltrúa Garðabæjar.

8. gr.

Samningur þessi gildir til ársloka 2017, uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara, en endurskoða skal fjárhæðir við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir hvert ár.

Garðabæ, 19. ágúst 2015

F.h. Taflfélags Garðabæjar

F.h. Garðabæjar

Páll Sigurðsson,
formaður.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri